

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 20. ágúst 2020, nýtt deiliskipulag af Gljúfurárholti, land 10 í Ölfusi. Deiliskipulagssvæðið tekur til stofnunar fyrir fatlaða einstaklinga.

Landið er 11,26 ha, landnúmer L199504. Engin mannvirki eru á lóðinni sem er að mestu framræst graslendi. Gert er ráð fyrir uppbyggingu á stofnun fyrir allt að 50 fatlaða einstaklinga, íbúðarhúsi, starfsmannaíbúðum, áhaldahúsi, gróðurhúsi og fristundahúsi. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið gaf undanþágu vegna fjarlægðar frá vegi.

Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 3. september 2020.

Gunnlaugur Jónasson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 4. september 2020